

KJARASAMNINGUR

milli **Fly Play ehf.** og **ÍFF**



Gildistími 1. september 2019 - 01. febrúar 2025.

Fly Play ehf (kt. 660319-0180) og ÍFF (571114-0380) gera með sér svofelldan kjarasamning um kaup og kjör flugmanna hjá Fly Play, í samningi þessum nefnt PLAY.



EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	3
2.	MENNTUN OG RÉTTINDI	4
3.	UPPSAGNARFRESTUR	6
4.	FLUG-, VAKT OG HVÍLDARTÍMI	6
5.	ORLOF OG FRÍDAGAR	8
6.	ÁHAFNAÐÖRF OG ÁHAFNASKRÁ	10
7.	VEIKINDADAGAR	12
8.	TRYGGINGAR	13
9.	IÐGJALD Í LÍFEYRISSJÓÐ	13
10.	RANNSÓKN OG REFSING	13
11.	LAUN	14
12.	DAGPENINGAR	19
13.	AKSTUR	20
14.	EINKENNISFATNAÐUR	21
15.	LEIGUFLUG ERLENDIS	21
16.	ÝMIS ÁKVÆÐI	22
	VIÐAUKAR, BÓKANIR OG ÁLYKTANIR	22
	TRYGGINGAR	23

1. INNGANGUR

- 1.1. Flugmenn ÍFF láta PLAY í té kunnáttu sína og reynslu og skuldbinda sig til að inna af hendi þau störf og á þeim kjörum, sem nánar kveður á um í samningi þessum. Samningsaðilar skuldbinda sig til að fara eftir lögum og reglum, sem gilda um störf flugmanna svo og flugrekstrarhandbókum PLAY. Á starfstíma þurfa flugmenn að standast bakgrunnsathugun til að geta fengið nauðsynlegar vegabréfsáritanir og aðgangsheimildir að flugverndarsvæðum.
- 1.2. Flugmenn skuldbinda sig til flugmannsstarfa á flugvélum PLAY (þar með taldar leiguflugvélar), skv. nánari ákvæðum samnings þessa.
- 1.3. Kjarasamningur þessi er samningur um lágmarkskjör og er óheimilt að greiða flugmönnum ÍFF lakari laun og launakjör en samningur þessi segir til um.
- 1.4. Flugmenn ÍFF skulu hafa forgang umfram aðra að þeim flugverkefnum sem um er að ræða á hverjum tíma á vegum PLAY. Tekur þetta til áætlunarflugs, leiguflugs og allra umsaminna flugverkefna, enda brjóti slíkt ekki í bága við flugréttindi, lög eða reglur, eða aðrar þær kvaðir eða rekstraraðstæður sem PLAY er gert að starfa eftir af stjórnvöldum viðkomandi ríkja. PLAY er þó heimilt að ráða til sín starfsmenn frá erlendum áhafnaleigum. Þeir flugmenn sem ráðnir eru í gegnum áhafnaleigur og standa utan ÍFF skulu ekki tefja framgang flugmanna sem eru félagsmenn ÍFF í starf flugstjóra.

- 1.5. Öll fyrirmæli og sameiginlegar ákvarðanir PLAY og flugmanna ÍFF, er varða ráðningu, stöðubreytingar, orlof og leyfi frá störfum, skulu staðfest skriflega.
- 1.6. Flugmanni er óheimilt að taka að sér flugmannsstarf í atvinnuskyni hjá öðrum aðila, meðan ráðning gildir, nema með skriflegu samþykki PLAY. Slíkt samþykki þarf þó ekki ef að flugmaður er í launalausum leyfi frá störfum. Flugmaður skal ábyrgjast það að slíkt flug fyrir aðra aðila skerði ekki möguleika PLAY til að nýta viðkomandi þegar hann kemur til starfa hjá PLAY að nýju.
- 1.7. Við starfslok flugmanns fyrir aldurssakir skuldbindur PLAY sig til að ganga frá lokalaunauppgjöri í sama mánuði og viðkomandi lætur af störfum.
- 1.8. Um hlutastörf og fyrirkomulag þeirra skal samið sérstaklega milli ÍFF og PLAY. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur lækkunar starfshlutfalls eru þrjú mánuðir.

2. MENNTUN OG RÉTTINDI

- 2.1. Allir flugmenn skulu hafa fullgild starfsskírteini. Störf flugmanna skiptast þannig eftir réttindum og reynslu:
- Flugstjóri
 - Flugmaður
 - Byrjandi (e. Cadet)

- 2.2. Byrjandi er sá flugmaður, sem ráðinn er til reynslu, og skal innan 9 mánaða frá fyrsta námskeiðsdegi fá úr því skorið hvort viðkomandi skuli ráðinn til framhaldsstarfa hjá félaginu. Sé byrjandi ekki ráðinn á þessu tímabili, er óheimilt að ráða hann aftur sem byrjanda. Kjósi PLAY að ráða flugmann eða flugstjóra sem ekki teljast byrjendur, skulu þeir ráðnir til reynslu í 3 mánuði, en teljast fastráðnir að þeim tíma liðnum.
- 2.3. Sé enginn flugmaður til taks til að sinna tilteknu flugi, skal flugstjóri gegna störfum flugmanns sé þess óskað af PLAY og sé þá farið eftir starfsaldri neðan frá hvor flugstjórinn á fluginu sinni störfum flugmanns þann daginn. Ákvæði þetta skal einungis gilda í undantekningartilfellum og skulu ekki skerða kjör flugstjóra.
- 2.4. PLAY skuldbindur sig til að veita flugmönnum sínum þá þjálfun, sem krafist er til viðhalds, endurnýjunar og aukningar starfsréttinda þeirra. Flugmenn skulu sækja og stunda þau námskeið, sem PLAY stofnar til, til viðhalds eða aukningar á menntun þeirra í starfi, og ganga undir próf, ef þess er óskað. Engum flugmanni skal gert skylt að greiða fyrir afnot af tækjum og áhöldum, sem notuð eru við þjálfun, nema sérstakt samkomulag sé um annað.

- 2.5. Flugmenn sjái um endurnýjun og áritanir flugskírteina sinna og öflun nauðsynlegra landvistarleyfa með aðstoð PLAY sem greiða kostnað því samfara. Flugmaður skal tilkynna PLAY um endurnýjun skírteina og annarra viðeigandi réttinda eftir því sem við á.

3. UPPSAGNARFRESTUR

- 3.1. Uppsagnarfrestur fastráðinna flugmanna og PLAY skal af beggja hálfu vera þrjú mánuðir og skal uppsögn miðuð við mánaðamót.
- 3.2. Uppsagnarfrestur byrjenda skal vera ein vika fyrstu 3 mánuðina í starfi og einn mánuður eftir það fram að fastráðningu.
- 3.3. Uppsagnarfrestur flugmanna og flugstjóra skal vera einn mánuður fram að fastráðningu og skal uppsögn miðuð við mánaðamót.

4. FLUG-, VAKT OG HVÍLDARTÍMI

- 4.1. Um flug-, vakt- og hvíldartíma gilda ákvæði gildandi reglugerðar um flug og vinnutímatakmörkanir og hvíldartíma flugmanna á hverjum tíma með eftirfarandi undantekningum.
- 4.2. Vaktími (Duty Period) hefst 60 mínútum fyrir áætlaða brottför og líkur 30 mínútum eftir landingu á Keflavíkurflugvelli.
- 4.3. Ef að hluti vaktíma er á tímabilinu kl. 02:30 til 05:30, skal flugmaður ekki vera kvaddur til starfa fyrr en kl. 12:00 næsta dag. Þetta á þó ekki við ef að vaktími hefst á tímabilinu kl. 02:30 til 05:30.
- 4.4. Fyrir æfingaflug eða flughermisþjálfun skal tryggja lágmarks hvíld á staðnum, þar sem þjálfunin fer fram. Seta flugmanna á námskeiðum, í hermisþjálfun og ferðalög á vegum félagsins telst til vaktíma.
- 4.5. Að lokinni flugvakt með hvíld utan heimahafnar þar sem tímamismunur er 4 tímar eða meira en færri en 7 tímar skal flugmaður ávallt fá tvær nætur í heimahöfn. Fari tveir eða fleiri

frídagar í hönd að lokinni tveggja náttu hvíld má dagurinn að lokinni hvíld einnar nætur teljast frídagur, en það á ekki við ef farið er flug sem nemur 7 tímabeltum eða meira og/eða áætlaður fartími er 9 tímar eða meira, þá skal flugmaður fá þrjár nætur í heimahöfn. Dagur eftir tveggja náttu hvíld má teljast sem frídagur, undantekning frá því er ef hvíld utan heimahafnar er minni en 18 tímar þá gildir sama og fyrir 4 tímabelti eða fleiri en færri en 7 tímabelti.

- 4.6. Aukin flugáhöfn (e. augmented flight crew).

PLAY er ekki heimilt að auka flugáhöfn í flugi sem hefst og endar í heimahöfn innan sömu vaktar. Þegar flogið er flug þar sem tímamismunur er 4 tímar eða meira og/eða ef áætlaður flugtími er lengri en 6 tímar á hvorn fluglegg er óheimilt að láta flugmann fljúga til baka til upphafsstaðar flugsins (e. return flight) í þeim tilvikum sem flogið er á mjópotu (e. narrow body / A320 family aircraft). Ákvæði þetta á ekki við um ófyrirsjáanlega röskun sem kann að koma upp sem PLAY tilkynnir til ÍFF.

PLAY skal hafa samráð við samstarfsnefnd ÍFF varðandi alla nýja áfangastaði í leiðarkerfi félagsins, þar sem möguleiki á aukinni flugáhöfn (e. augmented crew) kann að rísa, áður en byrjað er að setja þau upp á áhafnaskrá hjá flugmönnum.

- 4.7. Ekki skal ætla flugmanni lengri en 10 tíma vakt við flughermisþjálfun.

Áalmanaksári skal meðaltal þjálfunarflugalínuþjálfunarflugstjóra, vegna þjálfunar og prófa (LTC), vera að jafnaði ekki hærra en 50% af öllum flugum flugmanns.

Það er gagnkvæmur skilningur aðila þessa samnings að óæskilegt sé að þjálfunarflugmenn sinni eingöngu þjálfun í flughermi.

- 4.8. Fjöldi morgunfluga (þar sem mætingartími er inni í WOCL) skal aldrei vera fleiri en 5 í röð án þess að komi til einnar nætur hvíldar í heimahöfn. Eftir 4 morgunflug í röð er ekki heimilt að setja upp á vinnuskrá flug með næturhvíld utan heimahafnar í

beinu framhaldi nema flugmaður óski sérstaklega eftir því eða samþykki hans liggja fyrir.

5. ORLOF OG FRÍDAGAR

- 5.1. Orlofstímabil ákvarðast sem eftirfarandi:
Sumar: 2. maí til 30. september, að báðum dögum meðtöldum.
Vetur: 1. október til 30. apríl, að báðum dögum meðtöldum.
- 5.2. Flugmenn, aðrir en þeir sem ráðnir eru til félagsins sem byrjendur, sem starfað hafa sem flugmenn hjá PLAY í eitt ár, skulu fá orlof á fullum launum, sem hér greinir:
Fyrstu 5 árin: 15 daga að sumri og 16 daga að vetri, samtals 31 virkan dag á ári.
Eftir 5 ár: 15 daga að sumri og 17 daga að vetri, samtals 32 virka daga á ári.
Fyrir hverja 5 virka daga í orlofi fylgir eitt samliggjandi helgarfrí. 15 daga sumarfrí er þannig 3 heilar vikur.
- 5.3. Flugmenn sem ráðnir eru sem byrjendur skulu fyrstu 3 ár í starfi safna rétti til 14 orlofsdaga að sumri og 10 orlofsdaga að vetri, samtals 24 virka daga á ári.
- 5.4. Á 1. - 3. starfsári flugmanns sem ráðinn er sem byrjandi má PLAY færa 4 orlofsdaga frá sumarorlofstímabili yfir á vetrarorlofstímabil. Ef orlofsdagur er fluttur af sumarorlofstímabili yfir á vetrarorlofstímabil skal greitt álag samkvæmt lögum um orlof nr. 30/1987.
- 5.5. Um almennar skyldur og réttindi PLAY og flugmanna, vísast til laga um orlof nr. 30/1987.

- 5.6. PLAY skal hafa samráð við flugmenn um veitingu orlofs og skal verða við óskum eins og hægt er. Tilkynna ber um orlof með a.m.k. 30 daga fyrirvara.
- 5.7. Orlofi skal jafnað á milli flugstjóra á sömu flugvélagerð annars vegar og flugmanna á sömu flugvélagerð hins vegar. Dreifing sumarorlofsdaga maí til september skal vera jöfn. Úthlutun sé hagað þannig að forgangur til vals færist milli manna frá ári til árs, eftir nánara samkomulagi.
- 5.8. Eftirtaldir dagar skulu ekki taldir sem orlofsdagar:
Nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar páskadagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar í hvítasunnu, 17. júní, aðfangadagur, jóladagur, annar jóladagur, gamlársdagur, frídagur verslunarmanna.
- 5.9. Reglur um frídaga:
- Flugmenn sem ráðnir eru sem byrjendur skulu fyrstu 3 ár í starfi eiga rétt á fríðögum eins og hér greinir: Á tímabilinu frá 1. maí til 30. september eru frídagar 8 á mánuði og á tímabilinu 1. október til 30. apríl eru frídagar 9 á mánuði. 7 þessara frídaga eru samkvæmt reglugerð og fylgja ákvæðum um frídaga. Umfram frídagar skulu sérmerktir og eiga við þá aðrar reglur, sjá 5.9.d.
 - Flugmenn skulu eiga rétt á níu fríðögum í mánuði, þar af sjö fríðögum sem fylgja reglugerð og tveimur sérmerktum fríðögum, sbr. Grein 5.9.d.
 - Í orlofsmánuði skulu vera jafnmargir frídagar og segir í greinum 5.9.a. og 5.9.b og skal fríðögum úthlutað á helgar en ekki á orlofsdaga flugmanns. Falli ein eða fleiri helgar innan orlofs teljast þær sem helgarfrí þess mánaðar.
 - Sérstakar reglur gilda um sérmerкта umfram frídaga sem flugmenn fá á áhafnaskrá. Þessir dagar mega falla innan

hvíldartíma flugmanns og lúta ekki þeim takmörkunum sem felast í grein 5.9.e. varðandi mætingar (flugmaður þarf að vera laus frá skyldum frá miðnætti til miðnættis á staðartíma).

- e. Flugmenn skulu eiga rétt á einu helgarfríi í mánuði með samliggjandi laugar- og sunnudegi. Flugmaður skal vera laus frá störfum eigi síðar en kl. 20:00 daginn fyrir frídag eða orlof. Skal hann eigi kvaddur til starfa fyrr en kl. 06:00 að morgni að loknum frídegi/orlofi. Sé flugmaður eigi laus frá störfum kl. 20:00 vegna tafa á flugi telst næsti dagur frídagur sé hann laus frá störfum eigi síðar en kl. 22:00. Falli samningsbundinn frídagur/orlofsdagur niður bætist hann á næstu skrá.

5.10. Með gagnkvæmu samkomulagi er PLAY heimilt að óska eftir vinnu af flugmanni á frídegi/orlofsdegi. Slíkur frídagur í vinnu skal greiðast með álagi á fartímagreiðslu samkvæmt grein 11.15. Dagpeningar skulu greiddir sérstaklega. Tryggja skal að fjöldi frídaga verði þó aldrei minni en lágmarksfrídagar samkvæmt gildandi reglugerð á hverjum tíma um flug-, vakt- og hvíldartíma.

5.11. Um fæðingarorlof vísast til laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000.

6. ÁHAFNADÖRF OG ÁHAFNASKRÁ

6.1. Um gerð áhafnaskrár gilda eftirfarandi reglur:

- a. Áhafnaskrá skal gefin út til eins mánaðar í senn og skal gefin út í samræmi við gildandi reglugerð hverju sinni. Tilkynna skal viðkomandi flugmanni um allar breytingar á áhafnaskrá. Í leiguverkefnum skal áhafnaskrá gefin út eins fljótt og auðið er.
- b. Óski flugmaður eftir sérstökum frídögum, skal því

komið skriflega á framfæri við áhafnaskráritara eigi síðar en 15 dögum áður en áhafnaskrá er gefin út. Verður þá komið til móts við óskir flugmanns eins og mögulegt er.

c. Óheimileraðbreyta gildandiskrá, nema með samþykki viðkomandi flugmanns og áhafnaskráritara. PLAY á þó rétt að nýta flugmann í önnur flug eða flugtengd verkefni sem rúmast innan samnings þessa, innan fyrirfram áætlaðs vinnudags.

d. Ef flugmenn vilja skipta frídögum eða flugdögum, geta þeir gert það innbyrðis, í samráði og með samþykki áhafnaskráritara eða fulltrúa hans um skiptin.

e. Ef samningsbundinn frídagur samkvæmt reglugerð fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum, eða ef vakt lýkur eftir miðnætti og fer inn á samningsbundinn frídag, skal bæta flugmanni hann upp á næstu áhafnaskrá sem gefin verður út.

6.2. Um varavaktir gilda almennar reglur um flug-, vaktar og hvíldartíma. Varavaktir skulu settar upp í áhafnaskrá í skilgreindum lotum og teljast hafa sömu stöðu og aðrar vaktir við skráargerð. Leitast skal við að hafa lengd varavaktar 8 tíma, en þó skal lengd varavaktar eigi fara umfram 12 tíma.

6.3. Varavöktum skal jafnað meðal flugmanna. Útkall á varavakt má raska næsta vinnudegi eða ósamningsbundnum frídegi, en ekki samningsbundnum frídegi, nema með samþykki viðkomandi flugmanns. Verði ófyrirséð röskun á samningsbundnum frídegi vegna bakvaktar, skal bæta hann upp á næstu skrá.

6.4. Um vinnutíma flugmanna á meðgöngu gildi þær takmarkanir sem eru í gildandi reglugerð hverju sinni. Mæling á geislun miðast við 6 vikur frá þungun.

7. VEIKINDADAGAR

- 7.1. Fjarvistir vegna veikinda eða slysa ber að tilkynna flugumsjón strax og verða má.
- 7.2. Launagreiðslum til flugmanna í veikindaforföllum skal haga þannig:
 - a. Flugmenn sem ráðnir eru sem byrjendur ávinna sér 2 daga í veikindarétt fyrir hvern mánuð í starfi fram að fastráðningu.
 - b. Flugmenn á fyrsta ári starfs frá fastráðningardegi eiga 3 mánaða veikindarétt.
 - c. Flugmenn sem hafa verið fastráðnir í 1 ár eða lengur eiga 6 mánaða veikindarétt.
 - d. Dagar flugmaður kemur úr veikindaleyfi byrjar hann aftur að safna sér inn auknum veikindarétti og öðlast 3ja mánaða rétt á hverju höfnu þriggja mánaða tímabili sem leggst ofan á ónýttan veikindarétt.
- 7.3. Veikist flugmaður utan heimahafnar í starfi fyrir félagið, skal það greiða nauðsynlega læknishjálp og sjúkrakostnað, meðan viðkomandi liggur sjúkur erlendis, og annast heimflutning hans, ef þörf krefur. PLAY láti flugmanni í té skilríki, þar sem fram kemur, að félagið gangi í ábyrgð fyrir hann um slíkar greiðslur.
- 7.4. Dagpeningar skv. almannatryggingalögum eða úr tryggingum skulu greiddast PLAY þann tíma, sem flugmaður þiggur laun frá PLAY vegna veikinda.

8. TRYGGINGAR

- 8.1. Um tryggingar PLAY og flugmanna vísast til viðauka við samning þennan. PLAY skal fyrir 1. mars ár hvert senda staðfestingu um tryggingar flugmanna til félagsins þar sem fram koma skilmálar þeirra.

9. IÐGJALD Í LÍFEYRISSJÓÐ

- 1.1. Flugmenn greiða 4% af föstum launum til lífeyrissjóðs að vali flugmanns. PLAY greiðir 8% mótframlag. Í þeim tilvikum er flugmaður leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir PLAY mótframlag sem nemur 5,5% af föstum launum til lífeyrissjóðs að vali flugmanns gegn frjálssu framlagi flugmanns. Það er á ábyrgð flugmanns að koma samningi um séreignarsparnað til launadeildar PLAY.
- 9.1. PLAY skal inna af hendi iðgjöld til lífeyrissjóðs, eigi síðar en síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir næsta mánuð á undan.

10. RANNSÓKN OG REFSING

- 10.1. Flugmanni skal ekki gert að greiða skaðabætur vegna tjóns á fólki eða eigum, hvers eðli sem kann að vera, nema að sannað þyki að tjónið hafi orðið vegna vítaverðs gáleysis eða ásetnings.
- 10.2. Hefji PLAY rannsókn á störfum flugmanns vegna atvika, er geta varðað brottvikningu frá starfi, réttindamissi, stöðulækkun, ber

fyrirtækinu að tilkynna viðkomandi flugmanni um slíkt án tafar. Viðkomandi flugmanni skal heimilt að tilnefna fulltrúa sem skal hafa aðgang að öllum gögnum og upplýsingum er málið kann að varða. Fyrirtækið skal upplýsa viðkomandi fulltrúa um stöðu og gang mála hverju sinni.

- 10.3. Notkun upplýsinga sem skráðar eru á flugrita (FDR) og hljóðrita (CVR) skulu vera í samræmi við stefnumörkun IFALPA Annex 13.

11. LAUN

11.1. Launaflokkar eru sjö:

1. Flokkur - TRI/TRE
2. Flokkur - LTC/LCC
3. Flokkur - Senior Captain
4. Flokkur - Captain
5. Flokkur - Senior FO
6. Flokkur - FO
7. Flokkur - Cadet

Viðmið um þróun flugmanna innan félagsins er með eftirfarandi hætti:

Flokkur	Viðmið
1. Flokkur – TRI/TRE	TRI/TRE réttindi, auk skipunar í stöðu
2. Flokkur – LTC/LCC	Skipun í stöðu
3. Flokkur – Senior Captain	4000 PIC á týpu
4. Flokkur – Captain	0-3999 PIC tímar á þotu
5. Flokkur – Senior FO	3000 tímar á týpu + ATPL
6. Flokkur – FO	1500-2999 tímar á týpu
7. Flokkur – Cadet	0-1499 tímar á týpu

Nánar skal kveðið á um kröfur varðandi framgang flugmanna félagsins í flugrekstrarhandbók.

Flugmenn sem ráðnir eru inn til félagsins skulu raðað í launaflokk eftir reynslu samkvæmt ákvörðun félagsins.

11.2. Launatafla er eftirfarandi:

Flokkur	Föst laun
1. Flokkur – TRI/TRE	1.150.000
2. Flokkur – LTC/LCC	1.050.000
3. Flokkur – Senior Captain	900.000
4. Flokkur – Captain	750.000
5. Flokkur – Senior FO	500.000
6. Flokkur – FO	400.000
7. Flokkur – Cadet	300.000

11.3. Föst laun fela í sér vaktaálag.

11.4. Bifreiðastyrkur er kr 75.000 á mánuði frá 1. október 2019. Fjárhæð þessi breytist í samræmi við þær breytingar sem verða á kílómetragjaldi ríkisstarfsmanna skv. auglýsingu frá Fjármálaráðuneyti hverju sinni.

11.5. Helgidagauppbót skal nema 5% af föstum mánaðarlaunum fyrir eftirtalda frí- og helgidaga sem flugmaður flýgur á eða er fjarri heimili vegna flugs: Nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar páskadagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar í hvítasunnu, 17. júní, · aðfangadagur, jóladagur, annar jóladagur, · gamlársdagur, frídagur verslunarmanna.

11.6. Helgidagauppbót skal nema 2% af föstum mánaðarlaunum fyrir eftirtalda frí- og helgidaga sem flugmaður stendur

varavakt (standby). Nýársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar páskadagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar í hvítasunnu, 17. júní, · aðfangadagur, jóladagur, annar jóladagur, · gamlársdagur, frídagur verslunarmanna.

11.7. Launatafla flugmanna hækkar á samningstímanum sem hér segir:

01.03.2021	3,0%
01.03.2022	3,6%
01.03.2023	3,9%
01.03.2024	4,7%

11.8. Launalækkun vegna stöðubreytinga skal tilkynnt skriflega með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

11.9. Mánaðarlaun ber að greiða eftir á, fyrsta dag hvers mánaðar.

1.2. Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019	92.000 kr.
Á árinu 2020	94.000 kr.
Á árinu 2020	96.000 kr.
Á árinu 2021	98.000 kr.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á árinu 2019	50.000 kr.
Á árinu 2020	51.000 kr.
Á árinu 2021	52.000 kr.
Á árinu 2022	53.000 kr.

Desemberuppbót og orlofsuppbót greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma flugmanns sl. 12 mánuði á undan greiðsludegi.

11.10. Flugmenn sem sinna bóklegri kennslu fá greitt sem nemur 5% af föstum mánaðarlaunum fyrir hvern kennsludag.

11.11. PLAY býður fastráðnum flugmönnum gagnakort í spjaldtölvu og farsímaþjónustu samkvæmt samningi við þann þjónustuveitanda sem PLAY skiptir við hverju sinni.

11.12. Fartímagreiðsla

- Fyrir hvern fartíma umfram 80 hjá byrjendum og þar til þeir færast í flokk flugmanns greiðist fartímagreiðsla.
- Hjá flugmönnum sem ráðnir eru til starfa sem flugmenn/ flugstjórar eða hafa verið starfandi lengur en tvö ár hjá

félaginu sbr. lið a greiðist fartímagreiðsla fyrir hvern fartíma umfram 60 tíma.

- c. Í samningi þessum merkir hugtakið fartími (e. block hour) tímann frá því að loftfar hreyfist af stað í þeim tilgangi að hefja flug þar til það stöðvast að flugi loknu (block í block).
- d. Fyrir flugmenn sem sinna þjálfun í flughermi skal hver þjálfunarlota (e. Training session) telja sem 5 fartímar að hámarki miðað við 4 klukkustundir í flughermi ásamt undirbúningi og endurgjöf (e. briefing / debriefing).
- e. Fyrir flugmenn sem sinna bóklegri kennslu skal hver kennsludagur telja sem 3 fartímar (e. block hours).

11.13. Fartímagreiðsla skal nema 1,25% af föstum launum flugmanns.

11.14. Sé flugmaður tilbúinn að gefa eftir samningsbundinn frídag eða orlofsdag bætist 50% álag á fartímagreiðslu fyrir flugið. Fartímagreiðsla greiðist óháð heildarfartímum þess mánaðar. Ef flugmaður fer á frídögum/orlofsdögum í flug með hvíld erlendis eru greiddir auka 4 fartímar fyrir hverja næturhvíld utan heimahafnar.

11.15. Launatímabil fartímagreiðslna er frá 1. hvers mánaðar til loka mánaðarins. Fartímagreiðslur koma til útborgunar eigi síðar en 5. dag næsta mánaðar.

12. DAGPENINGAR

12.1. Flugmenn PLAY skulu fá greidda dagpeninga fyrir flug sín fyrir hverja hafnar 24 klst. Tímabilið skal miðast við Flight Duty Period (FDP) eins og það er skilgreint í flugrekstarhandbók félagsins hverju sinni.

12.2. Flugmenn PLAY skulu fá greidda dagpeninga fyrir hverjar hafnar 24 klst vegna dvalar utan heimahafnar á vegum félagsins s.s. vegna þjálfunar eða hvíldar. Dvöl utan heimahafnar í þessu skyni telst frá brottfarardegi til og með komudags til Íslands.

12.3. Dagpeningar eru eftirfarandi:

Flokkur	Norður-Ameríka	Evrópa
1. Flokkur – TRI/TRE	185 USD	150 EUR
2. Flokkur – LTC/LCC	185 USD	150 EUR
3. Flokkur – Senior Captain	185 USD	150 EUR
4. Flokkur – Captain	185 USD	150 EUR
5. Flokkur – Senior FO	150 USD	100 EUR
6. Flokkur – FO	150 USD	100 EUR
7. Flokkur – Cadet	120 USD	80 EUR

12.4. PLAY skal sjá flugmanni fyrir gistingu í ferðum utan heimahafnar.

12.5. Í leiguverkefnum á vegum félagsins skal samið sérstaklega um dagpeninga.

13. AKSTUR

- 13.1. Flugmenn koma sér sjálfir til vinnu í heimahöfn. PLAY sér flugmönnum fyrir bílastæði í Keflavík óski þeir eftir því.
- 13.2. PLAY annast akstur flugmanna utan heimahafnar til og frá flugvelli á hótél. Flugmenn sjá um annan akstur sjálfir á eigin kostnað nema um annað sé sérstaklega samið.

14. EINKENNISFATNAÐUR

- 14.1. PLAY lætur flugmönnum í té einkennisfatnað að kostnaðarlausu. Um endurnýjun einkennisfatnaðar fer skv. þörfum og reglum félagsins. Einkennisfatnaðurinn er eign PLAY. Láti flugmaður af starfi ber honum að afhenda félaginu fatnaðinn. Flugmaður skal sjá um og bera kostnað af hreinsun einkennisfatnaðar.

15. LEIGUFLUG ERLENDIS

- 15.1. Leiguflug erlendis tekur til flugs þar sem PLAY annast ekki sölu á sætum eða fraktrými flugvélarinnar. Leiguflug erlendis nær bæði til farþegaflugs og fraktflugs þar sem brottfarar- og ákvörðunarstaður eru utan Íslands.

15.2. Flugmenn PLAY skuldbinda sig til að sinna leiguverkefnum utan heimahafnar, tímabundið í allt að 14 daga í Evrópu. Við heimkomu skal hvíld í heimahöfn vera að lágmarki 6 dagar miðað við 14 daga útiveru eða hlutfallslega ef útiveran er skemmri, þó ekki skemmri en 2 dagar.

15.3. PLAY er heimilt að auglýsa eftir sjálfboðaliðum í leiguverkefni sem varir í allt að 4 vikum frá heimahöfn. Umsamdir frídagar, sem flugmönnum ber skv. samningi þessum meðan dvalist er erlendis, skulu veittir á Íslandi og er félaginu heimilt að skipta þeim þannig að hluta þeirra koma fyrir brottför og mismunurinn eftir heimkomu. Eftir nánara samkomulagi, við heimkomu, skal hvíld í heimahöfn vera að lágmarki 10 dagar miðað við 4 vikur utan heimahafnar eða hlutfallslega ef verkefnið varir skemur, þó ekki skemmri en 3 dagar. Mega vera samningsbundnir frídagar, orlof og/eða auðir dagar.

15.4. Um leiguverkefni erlendis á vegum PLAY gildir flug og vaktímaákvæði samkvæmt 7. kafla flugrekstrarhandbókar (OM-A).

15.5. Að lokinni útiveru umfram 11 daga skal ekki ætla flugmanni aðra samfellda útiveru umfram 11 daga fyrr en að 30 dögum liðnum frá heimkomu.

15.6. Dagpeningar í leiguverkefnum erlendis reiknast frá brottför til heimkomu í heimahöfn.

16. ÝMIS ÁKVÆÐI

16.1. FÉLAGSSJÓÐUR

PLAY skilar 0.5% af launum allra flugmanna PLAY í félagssjóð ÍFF. Mótframlag PLAY í félagssjóð skal vera 2,2% af greiddum launum flugmanna. Þann 01.06.2020 lækkar mótframlag PLAY í félagssjóð í 2% af greiddum launum.

16.2. ÁGREININGUR OG ENDURSKOÐUN

Rísi upp ágreiningur milli flugmanna og PLAY út af samningi þessum skal samstarfsnefnd flugmanna og PLAY fjalla um deilumál. Í nefndinni skulu eiga sæti þrír fulltrúar frá hvorum aðila.

16.3. HÓTEL

Flugmann skal séð fyrir eins manns hótélherbergjum með baði, þeim að kostnaðarlausu. PLAY velur hótél í samráði við hótélnefnd ÍFF og PLAY.

VIÐAUKAR, BÓKANIR OG ÁLYKTANIR

Samkomulag um nýráðningar

Byrjandi skal ráðinn til reynslu frá og með fyrsta námskeiðsdegi. Jafnframt er PLAY heimilt að láta byrjendur hætta tímabundið eftir að þjálfun lýkur, flughermi og landingum og hefja seinna línuflug án þess að það hafi ákvæði um reynslutíma. „Observer“ flug skulu fara fram á meðan viðkomandi nýtur launa sem byrjandi eða sem flugmaður.

Samstarfsnefnd

PLAY og flugmenn skulu koma á fót samstarfsnefnd sem skal vera samstarfs og umræðuvettfangur. Nefndina skulu skipa þrjá fulltrúa frá hvorum hóp.

TRYGGINGAR

Slysatrygging

PLAY skal á sinn kostnað slysatryggja hvern flugmann fyrir USD 252.000 miðað við dauða, fulla örorku eða samkvæmt nánari skilgreiningu í tryggingarskilmálum. Nú er flugmaður frá störfum vegna slyss og PLAY greiða honum laun, skulu dagpeningagreiðslur slysatryggingar ganga til félagsins.

Hóplíftrygging

PLAY greiðir iðgjald af hóplíftryggingu félagsins. Tryggingin skal vera USD 350.000 og skal trygging þessi ná yfir andlát flugmanns, að náttúrulegum orsökum samkvæmt nánari skilgreiningu í tryggingarskilmálum.

Skírteinistrygging

PLAY skal á sinn kostnað tryggja skírteini hvers flugmanns fyrir USD 436.000. Trygging þessi skal ná yfir réttindamissi vegna sjúkdóma eða slyss eða samkvæmt nánari skilgreiningu í tryggingarskilmálum. Greiða skal óskerta tryggingafjárhæð að 60 ára aldri vegna missis skírteinis, enda þótt sennilegt verði talið að hinn tryggði geti síðar meir stundað aðra atvinnu en þá sem skírteini hans gildir fyrir. Byrjanda ber eigi skírteinistryggingu, fyrr en hann hefur öðlast full starfsréttindi og skipar jafnframt sæti flugmanns.

Eftir 60 ára aldur greiðast eftirfarandi hlutföll af tryggingarfjárhæð vegna skírteinissmissis:

	Sjúkdómar	Slys
61. aldursár	80%	100%
62. aldursár	55%	80%
63. aldursár	30%	60%
64. aldursár		40%

Annað er varðar tryggingar

Segi PLAY flugmanni upp starfi, skal uppsögn á engan hátt skerða rétt hans til tryggingafjár, vegna veikinda eða slysa, er verður áður en starfstíma hans lýkur.

Gilda tryggingar þessar, hvort sem flugmaður er við flugstörf eða ekki, en þó ekki við launuð störf hjá öðrum en PLAY.

RÍKISSÁTTASEMJARI

RÍKISSÁTTASEMJARI

RÍKISSÁTTASEMJARÍ